

**Tryggingarsjóður
innstæðueigenda og fjárfesta**

**Ársreikningur
2007**

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík

510400-3560

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra	3	Skýringar	7
Áritun endurskoðenda	4	Verðbréfadeild:	
Innstæðudeild:		Rekstrarreikningur	8
Rekstrarreikningur	5	Efnahagsreikningur	9
Efnahagsreikningur	6	Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999. Samkvæmt samþykktum sjóðsins starfar hann í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, skulu heildareignir innstæðudeildar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði ekki í árslok 2007. Gert er því ráð fyrir að innheimta þurfi um 2.537 millj. kr. hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfi þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 6.045 millj. kr. Eignir sjóðsins eru í fjárvörslu skv. samningum þar um hjá Kaupþing banka og MP fjárfestingabanka. Fjárfestingarstefna sjóðsins er í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf séu 30-75% af eignum sjóðsins, 15-55% erlend ríkisskuldabréf og 0-15% erlend hlutabréf. Á árinu 2007 var ekki innheimt árgjald vegna verðbréfadeildar. Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir deildarinnar nema að lágmarki 100 millj. kr., í árslok nam eigið fé um 138 millj. kr. Samkvæmt lögum greiða ný aðildarfélög sérstaklega til deildarinnar í fimm ár eftir að þau hefja starfsemi og í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Á árinu 2006 bættust við þrjú ný aðildarfélög sem munu greiða til deildarinnar á árinu 2008.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2008.

Stjórn

Guðrún Þorleifsdóttir

Kolbeinn Árnason
Þórhallur Arason

Haukur Þór Haraldsson

Framkvæmdastjóri:

Jónas Þórðarson

STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðuneyting 26. febrúar 2008.

Björgvin G. Sigurðsson

Viðskiptaráðherra.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 26. febrúar 2008.

KPMG hf.

Sigurður Jónsson

Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2007 - innstæðudeild

	Skýr.	2007	2006
Tekjur:			
Framlög aðildarfyrirtækja		1.315.767.000	914.053.500
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		314.285.464	917.149.099
Aðrar tekjur		0	1.250.000
		<u>1.630.052.464</u>	<u>1.832.452.599</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		6.219.492	6.207.671
Annar rekstrarkostnaður		11.230.236	8.597.381
Umsýsluþóknanir og árangurstengdar þóknanir	3	44.626.833	15.616.991
Fjármagnstekjuskattur		33.401.238	70.951.456
		<u>95.477.799</u>	<u>101.373.499</u>
Tekjur umfram gjöld	5	<u><u>1.534.574.665</u></u>	<u><u>1.731.079.100</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007 - innstæðudeild

Eignir

	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		32.554.624	41.181.729
Verðbréf	2,4	8.392.260.230	6.845.835.016
		<u>8.424.814.854</u>	<u>6.887.016.745</u>
Aðrar eignir:			
Krafa á verðbréfadeild		<u>7.078.150</u>	<u>628.208</u>
		<u>8.431.893.004</u>	<u>6.887.644.953</u>

Eigið fé og skuldir

		31.12.2007	31.12.2006
Skammtímaskuldir:			
Fjármagnstekjuskattur		51.051.534	69.413.914
Aðrar skammtímaskuldir		47.241.284	19.205.518
		<u>98.292.818</u>	<u>88.619.432</u>
Eigið fé:			
Eigið fé	5	8.333.600.186	6.799.025.521
		<u>8.333.600.186</u>	<u>6.799.025.521</u>
		<u>8.431.893.004</u>	<u>6.887.644.953</u>

Skýringar

Reikningskilaaðferðir:

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
2. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
3. Árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun vegna fjárvörslu verðbréfaeignar námu 44,7 millj. kr. á árinu. Viðskiptaþóknarir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Verðbréf:

4. Verðbréf greinast þannig:

	2007	2006
Innlend skuldabréf	4.768.338.854	3.283.058.556
Erlend skuldabréf	2.826.074.530	2.651.023.277
Erlend hlutabréf	797.846.846	911.753.183
	<u>8.392.260.230</u>	<u>6.845.835.016</u>

Eigið fé:

5. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2007	2006
Eigið fé 1.1	6.799.025.521	5.067.946.421
Tekjur umfram gjöld	1.534.574.665	1.731.079.100
Eigið fé 31.12	<u>8.333.600.186</u>	<u>6.799.025.521</u>

6. Innstæðudeildin uppfyllir ekki skilyrði laga um heildareignir, en þær skulu að lágmarki nema 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna viðskiptabanka og sparisjóða á næstliðnu ári. Gert er því ráð fyrir að sjóðurinn þurfi að innheimta um 2.537 millj. kr. millj. kr. á árinu 2008 hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfi þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 6.045 millj. kr.

Rekstrarreikningur ársins 2007 - verðbréfadeild

	Skýr.	2007	2006
Tekjur:			
Framlög aðildarfyrirtækja		0	14.324.520
Aðrar tekjur	6	18.252.180	0
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		8.540.342	21.302.211
		<u>26.792.522</u>	<u>35.626.731</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		108.146	127.980
Annar rekstrarkostnaður		195.022	178.261
Umsýsluþóknarir og árangurstengdar þóknarir		774.982	321.967
Fjármagnstekjuskattur		859.011	1.764.942
Skuldbinding vegna gjaldþrots aðildarfélags	6	0	5.356.228
		<u>1.937.161</u>	<u>7.749.378</u>
Tekjur umfram gjöld	5	<u><u>24.855.361</u></u>	<u><u>27.877.353</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007 - verðbréfadeild

Eignir

	Skýr.	2007	2006
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		8.341.899	39.052.843
Verðbréf	2,4	137.983.824	133.934.026
		<u>146.325.723</u>	<u>172.986.869</u>
Eignir samtals		<u>146.325.723</u>	<u>172.986.869</u>

Eigið fé og skuldir

		2007	2006
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur		839.379	1.428.015
Skuldbinding vegna gjaldþrots aðildarfélags	6	0	57.377.813
Skuld við innstæðudeild		7.078.150	628.208
		<u>7.917.529</u>	<u>59.434.036</u>
Eigið fé			
Eigið fé	5	138.408.194	113.552.833
		<u>138.408.194</u>	<u>113.552.833</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>146.325.723</u>	<u>172.986.869</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
2. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
3. Árangurstengdar þóknanir og föst umsýsluþóknun vegna fjárvörslu verðbréfaeignar námu 775 þús. kr. Viðskiptaþóknanir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknanir og föst umsýsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Verðbréf

4.

Verðbréf greinast þannig

	2007	2006
Innlend skuldabréf	78.400.051	64.230.770
Erlend skuldabréf	46.465.739	51.865.436
Erlend hlutabréf	13.118.034	17.837.820
	<u>137.983.824</u>	<u>133.934.026</u>

Eigið fé

5. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2007	2006
Eigið fé 1.1	113.552.833	85.675.480
Tekjur umfram gjöld	24.855.361	27.877.353
Eigið fé 31.12	<u>138.408.194</u>	<u>113.552.833</u>

Skuldbinding vegna gjaldþrots aðildarfélags

6. Í nóvember 2001 varð eitt aðildarfélag sjóðsins, Burnham International hf., gjaldþrota. Á hendum Tryggingarsjóði gerði 41 aðili kröfu á gundvelli laga um sjóðinn, samtals að fjárhæð um 300 millj.kr. Tryggingasjóður hafnaði greiðsum í 28 tilvikum en í 11 tilvikum voru kröfur afturkallaðar. Af hálfu Tryggingarsjóðs var í tveimur tilfellum fallist á kröfu og voru greiddar samtals 38,5 millj. kr. vegna gjaldþrots Burnham International hf. Þar að auki hefur sjóðurinn sjálfur orðið fyrir útgjöldum vegna hagsmunagæslu í málinu. Á árinu voru tekjufærðar um 18 millj. kr. sem eru ígildi vaxta á höfuðstól sem höfðu verið gjaldfærðar í varfærnissskyni en lyktir urðu þær að ekki stóðu til lagaskilyrði til að greiða vexti eða verðbætur. Þannig er aðkoma Tryggingasjóðs að málum þrotabús Burnham lokið.